



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 8. nóvember 2023 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Þormóður Skorri Steingrímsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Sigrún Valdimarsdóttir, Vigdís Matthíasdóttir og Einar Gíslason.

1. Meistaradeild æskunnar

Hilda Karen Garðasdóttir og Sigurður Emil Ævarsson komu og kynntu fyrirkomulag Meistaradeildarinnar næstkomandi vetur. Þá var rekstraráætlun kynnt stjórn fyrir árið 2024.

2. Framkvæmdir í Faxaból 12

Tekið var fyrir mál frá síðasta fundi varðandi framkvæmdir við Faxaból 12. Stjórn fór yfir mál og erindi tengd fyrirhuguðum framkvæmdum við Faxaból 12. Fákur fékk afrit af bréfi frá byggingarfulltrúanum í Reykjavík 17. október síðastliðinn um að framkvæmdum við Faxaból 12 skuli stöðvaðar.

Í ljósi ofangreindra staðreynda afturkallar stjórn Fáks vil yrði sitt fyrir framkvæmdum því ekki var farið eftir þeim fyrirvara sem settur var í afgreiðslu stjórnar þann 18. apríl 2023.

3. Lækkað starfshlutfall framkvæmdastjóra vegna Landsmóts.

Framkvæmdastjóri mun lækka í 55% starfshlutfall frá 1. nóvember til 1. september 2024.

Þörf er á starfsmanni/starfsfólki eða verktaka til afleysinga til að sinna þeim verkefnum sem framkvæmdastjóri getur ekki sinnt. Meðal verkefna er að sinna reiðhöllinni, eignum Fáks, snjómokstri og móta- og viðburðahaldi þegar það fer af stað í febrúar.

4. Furufllís í reiðhallargólfið

Þörf er á að setja nýja furufllís í gólfið fyrir veturinn. Framkvæmdastjóri mun óska eftir tilboði og upplýsa stjórn um áætlaðann kostnað.

5. Breytingar á viðmiðunarreglum við val á afreksknöpum Fáks

Lögð er fram sú tillaga að bæta við setningu við stigagjöf á Reykjavíkurmeistaramóti:

Reykjavíkurmeistaramót og Gæðingakeppni Fáks (hver grein). Þegar mótin eru opin er það efsti Fákshósti sem hlýtur fyrsta sætið og svo koll af kalli. *Einkunnir undir 4 úr forkeppni telja ekki með nema viðkomandi hafi orðið Reykjavíkurmeistari í viðkomandi grein.*

Stjórn samþykkir tillögu um breytingu samhljóða.

6. Uppskeruhátíð Fáks 23. nóvember 2023

Á uppskeruhátíðinni í ár verður íþróttafólk Fáks verðlaunað samkvæmt venju auk þess sem ræktendur hæstu kynbótahrossa verða verðlaunaðir.



7. Starf fræðslufulltrúa

Þormóður Skorri, Sigrún og Íva Rut hitti umsækjendur um starf æskulýðs- og fræðslufulltrúa.

Framkvæmdastjóra er falið semja við einn umsækjenda og gera samning.

8. Afnotasamningur við Reykjavíkurborg

Ný drög að afnotasamningi er kynnt fyrir stjórn. Miklar umræður um samninginn og hvað er fyrirhugað á þessu landi.

Stjórn vísar í 14. grein laga Fáks um að ákvörðun liggi í höndum félagsmanna. Félagssfundur verður boðaður fimmtudaginn 16. nóvember 2023.

Fundi slitið 18:10

Fundargerð ritaði Einar Gíslason